

Art-Hún hópurinn sýnir í Chicago

Á SÍÐASTA ári, eða 13. nóvember síðastliðinn, opnuðu listakonurnar í Art-Hún, þær Elínborg Guðmundsdóttir, Erla B. Axelsdóttir, Helga Ármanns, Margrét Gunnarsdóttir og Sigrún Gunnarsdóttir, myndlistarsýningu í John Almqvist-galleríinu í Chicago.

Á sýningunni gefur að líta leirskúlptúr, olíumálverk og pastelmyndir, skartgripir úr postulínsleir og silfri, auk kola- og kirtarteikninga með blandaðri tækni. Í tengslum við sýninguna hefur verið komið fyrir veigamikilli kynningu um Art-Hún, sýningarsal og vinnustofur.

Í fréttatilkynningu segir að sýningu listakvennanna hafi verið tekið vel, aðsókn með eindæmum góð og þegar hafi mörg verkanna selst. Það er mál manna að Ísland fái góða kynningu í tilefni af þessari sýningu. Fólki gefist kostur á að hlýða á fyrirlestur um landið og myndbönd eru sýnd í anddyri gallerísins.

Sýningu listakvennanna lýkur 18. janúar, en í framhaldi af sýningunni var Art-Hún-hópnum boðið að taka þátt í alþjóðlegri myndlistarsýningu sem verður opnuð í Saratoga Springs N.Y. 18. júní næstkomandi.

Refillinn á Mokka settur upp á ný


VEGNA fjölda áskorana hefur Myndlistarrefillinn aftur verið hengdur upp í Mokka við Skólavörðustíg og mun sýningin á honum standa fram til 24. janúar.

Þeir sem misstu af þessu óvanalega samvinnuverkefni fá þá tækifæri til þess að kynna sér útkomuna, en refillinn var aðeins til sýnis í eina viku eftir að vinnu við hann lauk í desember sl.

Á þessum 18 metra langa dúk sem spannar flestar stefnur og stíla innan myndlistarinnar gefur að líta verk eftir 35 af mörgum af okkar þekktustu listamönnum.

Hugmyndasmiður og umsjónamaður verksins er Hannes Sigurðsson, listfræðingur.

(Fréttatilkynning)



Hluti úr Myndlistareflinum á Mokka.



Listakonurnar fyrir framan útverk eftir Dubuffet í Chicago.

6.-16. JANÚAR

ÚTSALA

Gerið góð kaup

Ath: Útsalan stendur aðeins
6 - 16 janúar.

Flísabúðin

Stórhöfða 17, við Gullinbrú
sími 67 48 44



Enn einu sinni fá viðskiptavinir sparisjóðanna vinninginn
7,01 % raunávöxtun

HÆSTA ÁRSÁVÖXTUN Á INNLÁNSREIKNINGI

Hæsta ávöxtun á innlánsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum
árið 1992 kom í hlut þeirra sem skipta við sparisjóðina.

Enn einu sinni hefur reynslan sýnt að þeir sem vilja ávaxta sparifé á innlánsreikningum geta borið mest
úr bótum hjá sparisjóðunum. Hafðu þetta í huga.



SPARISJÓÐIRNIR